

Útgáfuáætlun Arion banka árið 2022

Sértryggð skuldabréf

Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um þá fjárhæð sem Arion banki mun gefa út af sértryggðum skuldabréfum á árinu. Hvort af útboði sértryggðra skuldabréfa verður ræðst m.a. af markaðsaðstæðum hverju sinni og þörf bankans fyrir fjármögnun hverju sinni. Ef af útboði sértryggðra skuldabréfa verður mun það að jafnaði eiga sér stað fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og verða útboð tilkynnt í fréttaveitu Nasdaq Iceland.

Arion banki leggur áherslu á seljanleika sértryggðra skuldabréfa, en Landsbankinn, Íslandsbanki og Kvika banki eru viðskiptavakar sértryggðra skuldabréfa. Viðskiptavakar hafa aðgang að verðbréfalánum.

EMTN og græn skuldabréf

Bankinn stefnir að því að ráðast í útgáfu markflokks óveðtryggðs skuldabréfs af Euro Medium Term Note (EMTN) skuldaramma bankans á árinu 2022, en slík útgáfa er að jafnaði EUR 300 milljónir að stærð. Bankinn mun einnig gefa út smærri útgáfur eftir því sem markaðsaðstæður leyfa og ef þörf er á slíku við lausafjárstýringu.

Ekki er gert ráð fyrir útgáfu SNP skuldbréfa (e. Senior Non Preferred notes) eða skuldabréfa sem teljast til eiginfjárpáttar 1 og 2.

Óveðtryggð skuldabréf sem kunna að vera gefin út á árinu munu flokkast sem ótryggð skuldabréf eða SP skuldabréf (e. Senior Preferred notes) samkvæmt ákvæði í grein 72b(2) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 575/2013.

Aukin áhersla verður á græna fjármögnun á árinu 2022. Bankinn stefnir að stækkun skuldabréfaflokksins ARION 26 1222 GB sem gefin var út í lok árs 2021 og/eða gefa út aðra græna flokka skuldabréfaflokka. Markmið bankans um græna fjármögnun er í samræmi við umhverfis- og loftslagsstefnu bankans sem er ætlað að styðja enn frekar við þau áform Arion banka að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum. Stefnan kveður á um kortlagningu umhverfisáhrifa bankans og mikilvægi þess að bankinn hafi jákvæð áhrif á aðra aðila virðiskeðjunnar.

Arion banki stefnir að því að halda áfram að auka fjölbreytni í fjármögnun. Bankinn mun skoða aðra fjármögnunarkosti og fjölga fjármögnunarleiðum sé það hagfelld fyrir bankann. Upphæðir og tímasetningar slíkrar fjármögnunar fer eftir markaðsaðstæðum og viðtökum fjárfesta almennt.

Arion banki áskilur sér rétt til að breyta þessari áætlun, þ.m.t. fella niður, fjölga eða breyta útboðsdögum, breyta áætlaðri útgáfufjárhæð og gera aðrar breytingar eins og þörf er á, án fyrirvara